

Velferðarvaktin

Vinnuhópur vegna viðfangsefnis: „Fólk án atvinnu“

Stöðuskýrsla 29. júní 2009

1 Inngangur

Þann 10. mars 2009 skilaði vinnuhópurinn ítarlegri áfangaskýrslu þar sem teknar voru saman upplýsingar um stöðu vinnumarkaðarins, hvaða aðgerðir væru í gangi auk þess sem vinnuhópurinn kom með tillögur til úrbóta.

Þá skilaði vinnuhópurinn fundargerð með svörum vinnuhópsins við þau verkefni (liðir 9, 11 og 12) sem honum hafði sérstaklega verið falið að fjalla um af stýrihópi velferðarvaktarinnar. Áfangaskýrsla þessi tekur ekki sérstaklega á þessum liðum heldur miðast fremur við að miðla upplýsingum um þær breytingar sem átt hafa sér stað frá því að fyrsta áfangaskýrslan var gefin út og ber því að skoða skýrslu þessa sem viðauka við hana.

2 Vinnumarkaðsaðgerðir

Atvinnuleysi hefur ekki aukist mikið frá því í mars þegar það var komið yfir 8%. Það fór í ríflega 9% í apríl en lækkaði aftur í 8,7% í maí og er búist við áframhaldandi minnkun atvinnuleysis yfir sumarmánuðina. Gert hafði verið ráð fyrir nokkurri aukningu atvinnuleysis í maí og júní þar sem atvinnuhorfur námsmanna voru ekki góðar. Ásókn námsmanna í atvinnuleysisbætur hefur hins vegar verið mun minni en ráð var fyrir gert og hafa aðeins um 1.000 námsmenn skráð sig atvinnulausa í stað nokkurra þúsunda samkvæmt spám. Að öðru leyti hefur þróun atvinnuleysis verið í takt við það sem búist var við og þörf fyrir ráðgjöf og úrræði farið vaxandi samhliða fjölgun langtímaatvinnulausra.

Þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi eru um 50–100 nýskráningar á dag að námsmönnum frátöldum, en allnokkuð er um laus störf og ráðningar og álíka margir fara af þeim sökum af skrá.

Þá hefur verið lögð meiri vinna í eftirlit með misnotkun atvinnuleysisbótakerfisins sem hefur leitt til afskráningar nokkur hundruð einstaklinga síðustu mánuði. Stefnt er að því að slíkt eftirlit verði eftt enn frekar og er nú unnið að slíku í samvinnu við skattayfirvöld, auk þess sem auknar heimildir hafa fengist til samkeyrslu við nemendaskrár skóla o.fl.

Um mánaðamótin mars/apríl var ráðist í kynningarherferð á þeim starfstengdu úrræðum sem atvinnulausum standa til boða. Um er að ræða verkefni sem flest snúast um að atvinnulausir eru ráðnir til starfa sem þeir fá greitt fyrir samkvæmt taxta, en atvinnurekandi fær á móti greitt sem svarar grunnatvinnuleysisbótum viðkomandi einstaklings. Þau verkefni sem um ræðir eru *sérstök átaksverkefni*, *starfsþjálfun*, *reynsluráðning* og *frumkvöðlastarf (starfsorka)*, og í svipuðum dúr er *þróun eigin viðskiptahugmynda* þar sem einstaklingar mega vinna að útfærslu viðskiptahugmynda á atvinnuleysisbótum. Í maí voru um 350 manns í slíkum úrræðum, en alls hafa yfir 400 manns nýtt sér slík úrræði frá því í haust og fer þeim fjölgandi jafnt og þétt. Þá liggja fjölmargar umsóknir í kerfinu sem ekki er búist að afgreiða eða ráða í og er búist við að geti skilað 300–400 atvinnulausum til viðbótar vinnu á næstu vikum sem standa þá í 3–6 mánuði að jafnaði. Kosturinn við úrræði af þessu tagi er að í mörgum tilvikum leiða þau til framhaldsráðningar eða að viðskiptahugmynd einstaklinga leiði til

fram tíðarrekstrar og hefur hlutfall þeirra sem hverfa af atvinnuleysisráði í kjölfar slíkra úrræða ævinlega verið hátt miðað við aðra tegund úrræða.

Fjölmargir, eða nálægt 1.500 manns, hafa tekið þátt í annars konar úrræðum frá því í haust og voru um 700 manns í slíkum úrræðum nú í maí. Um er að ræða styttri úrræði af ýmsu tagi, svo sem sjálfsstyrkingarnámskeið, áhugasviðsgreining, námskeið sem undirbúa fólk undir að fara aftur í nám eða starf, fjármálaráðgjöf, vinnuvéla- og meirapróf, tölvunámskeið, tungumálanámskeið o.s.frv. Einnig eru þarna úrræði sem ná yfir lengri tíma og eru mjög í anda þeirra lengri náms- og starfstengdu úrræða sem fjallað var um hér að framan, svo sem Grunnmenntaskólinn hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, vinnuklúbbar og smiðjur, svo sem Fjölsmiðjan, og fleira í þeim dúr. Slík úrræði eru mikilvæg til að viðhalda virkni einstaklinga almennt og viðhalda og auka hæfni þeirra á vinnumarkaði.

Lengri námsúrræði sem felast í að gerður er námssamningur milli atvinnulauss einstaklings og Vinnumálastofnunar um leyfi til að stunda nám á bótum var mikið nýtt á vormisseri eða af yfir 700 manns. Þetta er í mörgum tilvikum mikilvægt úrræði, til dæmis til að hjálpa einstaklingum við að komast aftur af stað í námi eða til að ljúka námi. Þetta hefur á hinn bóginn haft í för með sér ýmis vandamál sem ekki verða tíunduð frekar hér. Í framhaldi af því er nú unnið að því í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna og menntamálaráðuneytið að einfalda og samræma reglur þannig að möguleikar til að stunda nám á atvinnuleysisbótum verði þrengdar en framfærslugrunnur Lánasjóðsins bættur og reglur þeim megin einfaldaðar eða gerðar sveigjanlegri á móti. Er þetta gert til að auka samræmi í kerfinu og minnka möguleika á misnotkun.

3 Samspil atvinnuleysistrygginga og örorkulífeyris

Viss skörun er á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og Vinnumálastofnunar þegar kemur að þeim bótáþegum sem bæði þiggja atvinnuleysisbætur og örorkulífeyri. Forstjórar Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar hafa efnt til samráðs til að finna út úr samspili bótakerfanna sem stofnanirnar annast og lagfæra framkvæmd þeirra eftir þörfum. Jafnframt þarf að samræma misræmi í lögum og reglum sem unnið er eftir hjá þessum stofnunum. Loks hefur verið ákveðið að fara fram á heimild Persónuverndar til að keyra saman gögn stofnananna til að fylgjast með þróun á fjölda þeirra sem þiggja bæði atvinnuleysisbætur og örorkulífeyri fyrir undanfarna mánuði og næstu tvö ár til að byrja með.

Frá 1. október 2008 til 30. júní 2009 fjölgaði þeim sem eru með 75% örorkumat 34,5% meira að meðaltali á mánuði miðað við tímabilið frá 1. apríl 2004 til 30. september 2008. Á seinna tímabilinu fjölgaði að meðaltali í hópnum um 74 á mánuði samanborið við 55 á fyrra tímabilinu.

4 Starfsendurhæfing

Vinnuhópurinn hefur aflað sér upplýsinga um að undir framkvæmdanefnd um nýtt örorkumat/starfshæfnismat hefur í vetur verið starfandi faghópur sem unnið hefur að uppbyggingu á nýju starfshæfnismati. Með nýju starfshæfnismati sem nú er á lokastigi er markmiðið að auka starfshæfni einstaklinga og möguleika þeirra til virkni og sjálfshjálpar. Þannig verði áherslan meðal annars á að horfa til möguleika og getu viðkomandi einstaklings, ekki út frá sjúkdómsgreiningunni eða örorkumatinu sem slíku heldur að hvaða marki einstaklingurinn geti orðið virkur þátttakandi í samfélaginu og aflað sér lífsviðurværis. Þetta mat byggir á nýrri hugsun og krefst breyttrar nálgunar í þjónustu og ákvörðunartöku. Matið byggir á ferli yfir tíma þar sem markmiðið er fyrst og fremst að auka starfshæfni einstaklingsins með ráðgjöf, aðstoð og aðhaldi. Inn í matið koma ýmis tæki sem bæði hafa

það hlutverk að meta stöðu ásamt því að hvetja og aðstoða viðkomandi til að auka starfshæfni sína.

Vinnuhópurinn leggur til að velferðarvaktin leggi sitt af mörkum til að vinna að framgangi nýs starfshæfnismats. Mikilvægt er að byggja upp góða samvinnu allra þeirra aðila sem munu koma að framkvæmd nýs starfshæfnismats, en það eru meðal annars Starfsendurhæfingarsjóður, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun. Fræðsla og þekkingaruppbygging er einnig mikilvægur þáttur sem vinna þarf í hjá öllum þeim aðilum sem koma að matinu. Þá telur vinnuhópurinn það brýnt að bótakerfið sé endurskoðað með það í huga að það styðji við nýtt matskerfi svo unnt sé að ná árangri til framtíðar.

5 Yfirlit yfir úrræði

Vinnuhópurinn telur að þær tillögur sem lagðar voru fram af hópnum í fyrstu áfangaskýrslu hópsins eigi sér enn við rök að styðjast og leggur áherslu á að þær verði framkvæmdar eftir því sem hægt er. Í því sambandi ber sérstaklega að benda á að enn vantar á einn stað upplýsingar um þau úrræði sem bjóðast fólki án atvinnu.